

Miðvikudaginn 27. maí 1987.

Nr. 141/1986.

Sigurhans Hlynsson

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Arnardal sf. og

Almennum Tryggingum hf. til réttargæslu

(Guðm. Pétursson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1986. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda Arnardal sf. verði dæmt að greiða 39.958,00 krónur með 25% ársvöxtum frá 9. janúar 1984 til 21. s.m., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985 og 32% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Á hendur réttargæslustefnda Almennum Tryggingum hf. gerir áfrýjandi engar sjálfstæðar dómkröfur.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefnda 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurhans Hlynsson, greiði stefnda, Arnardal sf., 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. apríl 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 7. mars sl., höfðaði Sigurhans Hlynsson, nnr. 7945-5008, nú til heimilis að Laugar-ásvegi 24, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 27. júní

1985, gegn Arnardal sf., Kópavogi, nnr. 0454-6997 og Almennum Tryggingum hf., Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða kr. 39.958,00 ásamt 25% ársvöxtum frá 9. janúar 1984 til 21. janúar 1984, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu krefjast sýknu og hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefnanda. Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Mál þetta höfðar stefnandi til heimtu skaðabóta vegna tjóns sem hann varð fyrir þegar grafa, eign stefnda Arnardals sf., rakst á bifreið stefnanda R-41309, 30. nóvember 1983. Óhapp þetta varð í Grafarvogi, en þar var stefnandi við vinnu sem verktaki og notaði bifreið sína við framkvæmd verksins. Þegar óhappið varð var ökumaður bifreiðarinnar þáverandi starfsmaður stefnanda, Jóhann Hlynsson, bróðir stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að grafan eigi alla sök á árekstrinum og beri stefndu því að bæta tjón stefnanda að fullu. Tjón stefnanda hafi numið kr. 83.326,00 og upp í það hafi ábyrgðartryggjandi gröfunnar, stefndi Almennar Tryggingar hf., greitt 50% af viðgerðarkostnaði kr. 32.930,00 og kr. 10.498,00 vegna afnotamissis bifreiðar. Stefnanda hafi verið nauðsyn vegna starfs síns að taka bílaleigubifreið á meðan viðgerð á bifreiðinni fór fram á tímabilinu 1. desember 1983 til 9. janúar 1984 og hafi leigufjárhæðin numið kr. 17.526,00. Skuldin við stefnanda vegna tjóns þessa nemi kr. 39.958,00 (sic).

Um rökstuðning fyrir kröfum sínum vísar stefnandi til 67. og 69. gr. 1. nr. 40/1968. Kröfur á hendur stefnda Almennum Tryggingum hf. eru rökstuddar með vísan til 2. mgr. 74. gr. 1. nr. 40/1968.

III.

Af hálfu stefndu er því haldið fram að kröfugerð stefnanda á hendur Almennum Tryggingum hf. um solidariska greiðslu skv. heimild í 2. mgr. 74. gr. 1. nr. 40/1968 sé á misskilningi byggð. Hér sé ekki um ábyrgðartryggingu bifreiða að ræða, heldur hafi fyrirtækið Arnardalur sf., Kópavogi, keypt frjálsa ábyrgðartryggingu til greiðslu á skaðaverkum sem fyrirtækið kynni að bera ábyrgð á. Arnardalur sf. sé þannig hinn tryggði og þá jafnframt tryggingartaki og það fyrirtæki eitt eigi rétt á greiðslum frá Almennum Tryggingum hf. ef það teljist bera skaðabótaábyrgð gagnvart þriðja manni. Af þeim sökum beri að sýkna Almennar Tryggingar hf. í máli þessu.

Sýknukrafa Arnardals sf. byggist á því að hér sé ekki um neina sök að

ræða og beri fyrirtækið því ekki neina skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda. Vélskólfa frá stefnda Arnardal sf. hafi verið að vinna við að moka snjó í Grafarvogi í miklu kófi. Vinnusvæðinu hafi verði lokað fyrir allri bíla-umferð með þar til gerðri grind, sem sýnd er á tjonstilkynningu á dskj. 3. Stefnandi hafi troðist inn á hið lokaða svæði án heimildar og eins og fram komi á tjonstilkynningunni, hafi ýtustjórinn ekki orðið var við bifreiðina fyrr en eftir að óhappið skeði. Öll sök á þessu óhappi sé stefnanda málsins. Sá sem fari inn á lokað vinnusvæði hljóti að gera það á eigin áhættu. Stefndi Almennar Tryggingar hafi þó fallist á að helminga sökina og greiða hálf tjoníð út.

Niðurstaða.

Við aðalflutning málsins gáfu skýrslu fyrir dómi stefnandi málsins, ökumaður bifreiðarinnar Jóhann Hlynsson, stjórnandi gröfunnar Jóhann Pétur Jónsson og Birgir Lúðvíksson, deildarstjóri hjá Almennum Tryggingum hf.

Stefnandi og stjórnandi gröfunnar voru sammála um að uppdráttur á dskj. 7 sýni aðstæður á árekstursstað. Ekki er upplýst á hvaða götu áreksturinn varð, en gatan er í nýja hverfinu í Grafarvogi. Í götu þessari, sem er í brekku var verið að vinna. Efst í brekkunni var veghefill og er hann merktur nr. 3 á uppdrættinum, en neðst í brekkunni var skurður, sem grafinn hafði verið yfir götuna vegna hitaveituframkvæmda, þar á milli var verið að vinna með gröfu stefnda Arnardals sf., merkt nr. 1 og þar fyrir neðan var stefnandi að vinna við að sjóða saman hitaveiturör. Niður þessa brekku var bifreið ekið og hún stöðvuð fyrir ofan gröfuna af því að hún komst ekki fram hjá gröfunni að sögn ökumanns bifreiðarinnar. Bifreiðin er merkt nr. 2 á uppdrættinum.

Eins og mál þetta liggur fyrir, er ósannað að gatan þar sem áreksturinn varð hafi verið lokað fyrir umferð, en þarna var vinnusvæði og það var ökumanni bifreiðar stefnanda ljóst. Þegar það er virt, sem fram kom hjá ökumanni bifreiðarinnar við yfirheyrslur hér fyrir dómi, og þá sérstaklega það að hann hvorki fylgdist með gröfunni né gerði vart við sig, heldur fór að sortera dót í bilnum, þá verður að telja að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki sýnt þá aðgæslu, sem honum bar og telst hann eiga sök á árekstrinum að hluta sem telst hæfilega ákveðinn $\frac{1}{2}$ hluti.

Viðurkennt er að stefndi Almennar Tryggingar hf. hefur greitt stefnanda vegna tjóns þessa samtals kr. 50.697,00 þ.e. kr. 32.930,00 sem er $\frac{1}{2}$ umsamin viðgerðarkostnaður, kr. 6.272,00 v/vatnskassa og kr. 11.495,00 v/bíla-leigubils. Telst stefnandi ekki eiga rétt á frekari bótum og ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Málkostnaður fellur niður. Ekki þykir skipta máli við ákvörðun málskostnaðar, að mál þetta var höfðað á hendur stefnda Almennum Trygg-

ingum hf. með vísan til 2. mgr. 74. gr. 1. nr. 40/1968, enda hafði stefndi Almennar Tryggingar hf. greitt stefnanda beint þær bætur sem stefnandi hefur fengið vegna tjónsins.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Arnardalur sf. og Almennar Tryggingar hf., skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurhans Hlynssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 1. júní 1987.

Nr. 51/1987. **Þorgils Axelsson**

gegn

Bókhaldstækni hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorgils Axelsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.